

Velferðarnefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 10. febrúar 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015

Samtök atvinnulífsins þakka fyrir tækifærið til að koma að athugasemdum vegna frumvarpsins. Samtökin gerðu athugasemdir við drög að frumvarpinu fyrir ári síðan sem ekki var tekið tillit til en ekki hefur verið haft samráð við samtökin við samningu frumvarpsins.

Breytt slyshugtak almannatrygginga

Í frumvarpinu er lögð til grundvallarbreyting á skilgreiningu vinnuslyshugtaks almannatryggingalaga. Sama skilgreining er jafnframt lögð til grundvallar í dönskum, norskum og sænskum rétti. Skilyrði vinnuslys er að um *skyndilegan og utanaðkomandi atburð* sé að ræða.

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er sama skilgreining lögð til grundvallar og í mörgum kjarasamningum er jafnframt ákvæði um að sé ágreiningur um bótaskyldu vinnuveitanda vegna meints vinnuslyss skuli farið eftir því, hvort slysatrygging ríkisins telur skylt að greiða bætur vegna slyssins.

Áhrifin af því fyrir atvinnulífið hvort um vinnuslys sé að ræða eða ekki eru töluverð enda nýtur starfsfólk í vinnuslysatilvikum á almennum vinnumarkaði áunnins og óskerts veikindaréttar auk þriggja mánaða á dagvinnulaunum í stað almenns veikindaréttar. Er það langtum meiri greiðsluskylda sem lendir á atvinnurekanda en almennt gengur og gerist í samanburðarlöndum okkar. Í þessu samhengi ber þess jafnframt að geta að yfirgnæfandi meirihluti fyrirtækja á Íslandi eru lítil og meðalstór.

Skilyrðið um utanaðkomandi atburð útilokar að áverkar geti talist til vinnuslyss sem mega rekja til líkamsástands eða sjúkdóms viðkomandi starfsmanns. Þetta skilyrði útilokar t.d. að það teljist til vinnuslyss þegar bakveikur starfsmaður verður óvinnufær við að lyfta kassa. Það að afnema áskilnaðinn um utanaðkomandi atburð og miða við að nægjanlegt sé að atburður sé óvæntur er grundvallarbreyting sem getur haft áhrif langt utan slysatrygginga almannatrygginga. Það er því mjög mikilvægt að fram fari mat á áhrifum þessara breytinga í víðu samhengi og metnir verði kostir og gallar slíkrar grundvallarbreytingar. Við það mat er mikilvægt að haft sé gott samráð við hagsmunaaðila. Ljóst er að þessi breyting getur haft viðtæk fjárhagsleg áhrif í atvinnulífinu og því nauðsynlegt að fram fari mat á þeim viðbótarkostnaði sem breytingin getur haft fyrir atvinnulífið en ekki eingöngu hið opinbera. Að mati samtakanna hefur þess ekki verið gætt með fullnægjandi hætti.

Auk augljósra kostnaðaráhrifa fyrir atvinnulífið mun breytingin leiða til aukinna útgjalda úr slysatryggingu almennatrygginga sem fjármögnuð er af tryggingagjaldi. Mikilvægt er að vinna markvisst að því að lækka frekar tryggingagjald og styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Ríkisstjórnin er á sama máli í stjórnarsáttmála sínum. Það fer gegn því markmiði hans að auka þessi útgjöld.

Samtök atvinnulífsins geta ekki séð annað en að frumvarpið, verði það að lögum muni auka kostnað á atvinnulífið og hækka tryggingagjald á tímum heimsfaraldurs og sögulegs atvinnuleysis. SA leggst því gegn breytingunum þar sem áhrif hafa að mati samtakanna ekki verið kortlögð með fullnægjandi hætti.

Nauðsynlegar ferðir til og frá vinnu

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði hefur verið samið um að slys á beinni leið til og frá vinnu teljist til vinnuslysa. Áratuga framkvæmd er um túlkun hugtaksins bein leið í kjarasamningum. Líkt og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu hefur hugtakið verið túlkað með sama hætti skv. almennatryggingalögum. Samtökin leggjast gegn því að annað viðmið verði lagt til grundvallar í lögum um almennatryggingar og framkvæmdinni þannig breytt. „Eðlileg leið“ er rýmra hugtak en „bein leið“. Samtökin leggja því til að í stað hugtaksins „eðlilega leið“ komi „bein leið“ í b-lið 2. mgr. 5. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

